

Ed.

590. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 127 9. des. 1941, um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá öðrum minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur þrískipta afstöðu til afgreiðslu á frumv. þessu. Vill sá, er ritar undir nefndarálit þetta, láta afgreiða það með rökstuddri dagskrá. Hinir nefndarmennirnir munu væntanlega, hvor um sig, láta í ljós vilja sinn um afgreiðslu málsins.

Brátt eftir að frv. var tekið til umræðu í nefndinni og auðsætt var, að nefndarmenn gátu eigi að svo komnu orðið á eitt sáttir, varð það að ráði að leita álits þriggja háskólakennara um frumvarp þetta. Voru það þeir prófessorarnir Árni Pálsson og Sigurður Nordal og Björn lektor Guðfinnsson. Bar viðræða nefndarmanna við háskólakennarana þann árangur, að þeir, samkvæmt beiðni, skrifuðu nefndinni sameiginlegt álitsbréf um málefnið, dags. 31. jan. s. l., og tel ég rétt að birta þetta bréf þeirra í heild sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Þótt háskólakennararnir geri eigi beinlínis tillögur um afgreiðslu þessa frumvarps, er þar þó að finna mikilsverðar hendingar, er að málinu lúta, og ætti því umsögn hinna

lærðu manna að verða þingmönnum til leiðbeiningar, er til úrslita kemur um frumvarp þetta.

Tel ég, að af bréfi háskólakennaranna megi draga tvær ályktanir: 1. að umritun fornsagnanna geti orðið skemmdastarfsemi, ef allt fær að leika lausum hala; 2. að lögum nr. 127 9. des. 1941, er nemast skulu úr gildi samkvæmt frumvarpinu, sé að ýmsu leyti áfátt og að breytinga þurfi við frá hinum þröngskorðuðu reglum, sem þar eru settar.

Ég hætti mér ekki út á þá hálu braut og álit óþarft að ræða hér nánar um einstök atriði, er þar koma til greina, en læt einungis það álit mitt í ljós, samkvæmt þeim ályktunum, er ég hef hér dregið af bréfi háskólakennaranna og mér finnst réttmætar, að hvorki beri að samþykkja frumvarpið né styðja að því, að umrædd lög frá 1941 haldist til frambúðar óbreytt; eða með öðrum orðum, lögín þurfi að endurskoðast og breytast eftir nákvæma athugun og að ráði hinna hæfustu fræðimanna.

Fyrir nokkrum dögum hefur Alþingi samþykkt þingsályktunartillögu um undirbúning heildarlöggjafar um höfundarétt og listvernd. Þegar ríkisstjórninni er nú með þeirri ályktun falinn undirbúningur slíkrar lagasetningar, er ekki úr vegi að spyrja, hvort sú lagaskipun, er hér ræðir sérstaklega um, eigi ekki samleið og þurfi endurskoðunar á sama hátt. Ég tel það sjálfsagt, og meira að segja er lang-eðlilegast, að þau ákvæði, er lögín frá 1941 fjalla um, komi af sjálfu sér til úrslausnar við framkvæmd þingsályktunarinnar.

Að öllu þessu athuguðu tel ég réttast og geri að tillögu minni, að frumvarp það, er hér liggur fyrir, verði afgreitt með svo látandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti bráðlega framkvæma undirbúning þann til heildarlöggjafar um höfundarétt og listvernd, er henni var falinn með ályktun sameinaðs Alþingis 16. marz s. l., og að jafnframt því fari og fram undirbúningur til breytinga á ákvæðum laga nr. 127 frá 9. des. 1941, þykir deildinni eigi ástæða til að afgreiða frumvarp það, er hér liggur fyrir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. marz 1943.

Eiríkur Einarsson,
form.

Fylgiskjal.

Samkvæmt tilmælum háttvirtrar menntamálanefndar efri deildar Alþingis látum við undirritaðir í ljós skoðanir okkar á máli því, sem um ræðir í lögum um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt, samþykktum á Alþingi 19. nóv. 1941.

1. Tilefni nefndra laga munu vera blaðaskrif um Laxdæluútgáfu Halldórs Kiljans Laxness, svo sem háttv. flutningsmaður frumvarps þess, sem fram hefur komið á þessu þingi, á þskj. 120, tekur fram. Teljum við því rétt að taka útgáfu þessa til nokkurrar athugunar:

A. *Meðferð máls.* Við samanburð á þessari útgáfu og útgáfu þeirri, er hún byggist á, kemur í ljós, að fjölmörgu því í máli, sem á engan hátt verður talið til stafsetningar, er breytt: a. Ýmiss konar breytingar eru gerðar á orðmyndun. b. Orðum er sleppt. c. Orðum er bætt inn. d. Skipt er um orð. e. Orðaröð er breytt. f. Bætt er inn heilum setningum eftir útgefandann.

Á fundi menntamálanefndar h. 22. þ. m. voru færð mörg dæmi þessu til sönnunar, og teljum við þarflaust að endurtaka þau hér, enda auðvelt hverjum þeim, er nennir, að ganga úr skugga um þau. Hins vegar viljum við taka fram, að við teljum allar þessar breytingar til skemmda á máli og stíl sögunnar.

B. *Meðferð efnis.* Meðferð sögunnar er á þá leið, að stórfelldar efnisbreytingar hafa verið gerðar á henni: a. Einstökum setningum er sleppt. b. Heilum köflum er sleppt, t. d. á einum stað 5. kapitulum. c. Einstakar setningar eru færðar til. d. Kaflar eru færðir til. e. Samdar eru setningar inn í textann, þar sem útgefanda hefur þótt nauðsyn til bera.

Allar þessar breytingar rýra stórlega efni sögunnar og breyta svip hennar, svo sem gerð var grein fyrir á fyrirnefndum fundi.

C. Hins vegar er öllum kunnugt, sem nokkuð þekkjja til sögu íslenzkra fornrita, að á 13. og 14. öld var sífellt verið að breyta eldri ritum, auka, stytta og endursemja, ýmist til bóta eða spjalla. Fyrir kemur, jafnvel er við vitum, hvar hins upprunalega texta er að leita, að yngri gerð er tekin fram yfir og höfð að aðaltexta, t. d. í Fóstbræðra sögu. Eigi að vernda fornritin fyrir úrfellingum, er því ekki minni ástæða til þess um yngri rit, sem við höfum óbreytt frá hendi höfundanna. Í Íslendinga sögum ægir auk þess saman svo sundurleitu og misverðmætu efni, að sumar þeirra má stytta til bóta fyrir alla lesendur, er leita þar annars en þess fróðleiks, sem oft spillir bókmenntagildi þeirra, gerir þær torlesnar og er sjálfur mjög vafasamur að gildi, t. d. ungar vísur eignaðar fornönnum, brenglaðar ættartölur og því um líkt. Líklegt er, að hin miklu sögulegu og bókmenntalegu verðmæti Sturlungu, sem er illa gerð samsteypa margra sagna, mætti gera almenningi arðbærari með því að gera úr henni skipulegt úrval, enda er vikið mjög frá efnisSKIPUN handritanna í tveimur útgáfum hennar. Hitt skal tekið fram, að stytta útgáfu verður að gera af engu minni vandvirkni en aðrar og orðalagi ætti alls ekki að breyta. „Verndun“ kemur hér ekki til greina, líkt og með fornminjar, því að elztu textarnir, sem til eru, verða til eftir sem áður, og líklegt er, að lesendur, sem fengið hefðu mætur á ritunum styttnum, mundi fýsa síðan að kynnast þeim líka óstyttnum. Aðeins reynslan getur skorið úr, hvort tilraunir að gera sum fornrit auðlesnari almenningi með úrfellingum, gerðum af varkárni og alúð, gætu ekki orðið til þess að glæða áhuga almennings að lesa þau meir og smám saman sér að betra gagni.

2. *Lögin frá 19. nóv. 1941.* Þó að æskilegt megi telja að afstýra því, að ritum, sem njóta ekki verndar eiganda, sé spillt í nýjum útgáfum, höfum við ýmislegt við þessi lög að athuga:

A. Við teljum það mjög óviðurkvæmilegt, að hið íslenska ríki hafi eitt rétt til þess að gefa út íslensk rit, sem samín eru fyrir 1400, eða veita leyfi til þess. Samkvæmt því ákvæði mætti kennslumálaráðherra t. d. hanna fræðimönnum á Íslandi að gera stafréttar útgáfur fornra handrita.

B. Við teljum ekki rétt, að ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, skeri úr um, hverjar breytingar á ritum séu með þeim hætti, „að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af“. Engin trygging er fyrir því, að þeir, sem með þau mál fara, hafi skilyrði til að dæma um slíkt af nægilegri þekkingu.

C. Við teljum ekki rétt að löghelga neina þá „samræmda“ stafsetningu, sem höfð hefur verið í útgáfum íslenzkra fornrita fram að þessu. Engin þeirra samræmist til neinnar hlítar framburði þeim, sem tíðkaðist á ritunartíma sagnanna, né heldur til neinnar hlítar uppruna orðanna. Stafsetningin frá 1929 stendur t. d. í sumum efnum nær upprunanum en stafsetningin á Íslenskum fornritum.

3. Þyki nauðsynlegt að hafa eftirlit með útgáfu eldri rita, svo sem margir munu telja, virðist næst lagi, að það sé í höndum fræðimanna og rithöfunda, sem til þess væru kvaddir og treysta mætti að þekkingu og smekkvísi.

Reykjavík, 31. jan. 1943.

Árni Pálsson. Sigurður Nordal. Björn Guðfinnsson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.